

hann óhæfan til að ráða högum sínum, og ber því að taka til greina dómkröfu ákærvaldsins í máli þessu að öllu leyti. Ákveða ber, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins (sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 95/1947 og 178. gr. laga nr. 82/1961). Til sakarkostnaðar telst þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 1250.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Jakob Valtýsson Mýrdal, skal vera sviptur sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 1250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1964.

Nr. 32/1964. **Jón Halldór Magnússon**

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Önnu V. Sigurjónsdóttur og gagnsök**

(Tómas Árnason hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðarslys. Dánarbætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1964 og gert þær dómkröfur, að honum verði gert að greiða gagnáfrýjanda aðeins kr. 90.000.00 með 7% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags, að málskostnaður í héraði falli niður og gagnáfrýjandi greiði honum málskostnað hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 6. maí 1964, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða

henni kr. 498.289.16 með 8% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eigi er í ljós leitt, að Halldór Gunnar Sigurðsson heitinn hafi verið meðvaldur slyss þess, sem mál þetta er af risið. Með þessari athugasmd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber samkvæmt 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 að staðfesta úrlausn hans um ábyrgð á tjóni gagn-áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr reikningur Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 3. nóvember 1964, þar sem hann áætlað tjón gagnáfrýjanda samkvæmt 1. kröfulið hennar í héraði kr. 394.208.00. Er þá miðað við sama tekju-grundvöll sem í fyrri reikningi tryggingafræðingsins, en „nýjar tölur um dánarlíkur“.

Þegar virtir eru hagir gagnáfrýjanda og allir málavextir, þykja bætur samkvæmt 1. kröfulið hæfilega metnar kr. 240.000.00 og bætur samkvæmt 2. kröfulið kr. 60.000.00, samtals kr. 300.000.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagn-áfrýjanda þá fjárhæð, að frádregnum kr. 8.984.84, er í héraðsdómi getur, þ. e. kr. 291.015.16, ásamt 7% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 65.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Halldór Magnússon, greiði gagn-áfrýjanda, Önnu V. Sigurjónsdóttur, kr. 291.015.16 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. febrúar 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. janúar s.l., að loknum munnlegum málflutningi, hefur Anna V. Sigurjónsdóttir, Stangarholti 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri

21. janúar 1963, gegn Jóni Halldóri Magnússyni, Ásgarði 51, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 480.777.00, auk 8% ársvaxta frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína um miskabætur um kr. 20.000.00, og samþykkti umboðsmaður stefnda, að viðbótarkrafan kæmist að án framhaldsstefnu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 90.000.00 með 7% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en bifreið sú, sem hér kemur við sögu og síðar verður getið, R 6853, var váttryggð hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 26. ágúst 1962, kl. 0240, var tilkynnt á lögreglustöðina, að umferðarslys hefði orðið rétt áður á Grensásvegi við gatnamót Breiðagerðis hér í borg. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að stefndi, Jón Halldór Magnússon, hafði ekið bifreiðinni R 6853 norður Grensásveg. Þegar hann var að koma að nefndum gatnamótum, kom Halldór Gunnar Sigurðsson, Sigtúni 59, hér í borg, fæddur 7. desember 1936, gangandi suður götuna á móti bifreiðinni. Skipti engum togum, að hann lenti fyrir bifreiðinni og barst með henni nokkurn spöl, unz hann féll í götuna.

Stefndi ók á brott af slysstaðnum og hélt að bifreiðasíma bifreiðastöðvarinnar Bæjarleiða við Réttarholtsveg. Nam hann þar staðar og hafði tal af tveimur leigubílstjórum, sem þar voru staddir. Skýrði hann þeim frá slysinu og bað þá að kalla lögreglu og sjúkralið á vettvang. Stefndi bað einnig um að aka sér á slysstaðinn. Fór Halldór Þórðarson leigubifreiðarstjóri, Bústaðavegi 61, sem stefndi hafði aðallega átt tal við, með ákærða á slysstaðinn. Þegar þangað kom, lá Halldór Gunnar Sigurðsson þar meðvitundarlaus í götunni. Skömmu eftir að stefndi og Halldór Þórðarson komu á slysstaðinn, komu lögreglu- og sjúkraliðsmenn á vettvang. Var hinn slasaði fluttur fyrst á lögregluvarðstofuna, en síðan í Landspítalann, þar sem hann lézt kl. 1400 framangreindan dag.

Grunur lék á því, að stefndi væri með áhrifum áfengis. Var hann færður á lögreglustöðina til yfirheyrslu og síðan á Slys-

varðstofuna, þar sem tekið var úr honum blóðsýnishorn til alkóhólranssóknar.

Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra viðurkenndi stefndi að hafa drukkið 3—4 sjússa af whisky á Hótel Borg á tímanum frá kl. 2100—2400 um kvöldið. Stefndi kvaðst ekki hafa fundið teljandi til áfengisáhrifa við aksturinn. Að sögn varðstjóra var ákærði rjóður í andliti, augu hans vot og lítils háttar áfengisþefur af andardrætti hans. Annað mun ekki hafa verið í fari ákærða, sem benti til þess, að hann væri með áhrifum áfengis.

Yfirborð vegarins á slysstaðnum er malborið, og er akbrautin þar rúmir 7 metrar á breidd með hörðu slitlagi. Utan akbrautarinnar eru akfærir vegarkantar, að því er tekið er fram á uppdrætti. Á slysstaðnum voru hemlaför í götunni 32.70 metrar á lengd. Þau byrja um 15 metrum sunnan gatnamótanna, eru í beina stefnu eftir akbrautinni yfir þau 2 metra frá vinstri vegjaðri, miðað við stefnu bifreiðarinnar, og enda um 8 metrum norðan þeirra. Um 3 metrum sunnar en hemlaförin enda um miðja veginum milli þeirra og vinstri jaðars akbrautarinnar var blóðblettur í götunni. Samkvæmt uppdrætti hafði Halldór heitinn legið þar eftir slysið. Að sögn vitna lá hann þversum á veginum á grúfu, og vissi höfuð hans inn á veginn, en fætur á ská út fyrir akbrautina. Skammt fyrir norðan, þar sem hemlaförin byrja, er ljósastaur nokkra metra frá akbrautinni. Einnig er ljósastaur á gatnamótunum norðan Breiðagerðis.

Þegar slysið varð, var heiðskirt veður og færi þurrt. Raflýsing er sögð slæm í götunni.

Bifreiðin R 6853 er Dodge-fólksbifreið af árgangi 1950. Skráðir eigendur bifreiðarinnar eru stefndi og Helgi Magnússon, Ásgarði 51. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Pálmi Friðriksson og Hörður Jónsson reyndu bifreiðina í akstri á slysstaðnum og skoðuðu hana. Í vottorði þeirra, dagsettu 27. ágúst 1962, segir á þessa leið:

„Við reyndum hemla bifreiðarinnar á þeim stað, sem slysið skeði. Bifreiðinni ókum við norður Grensásveg frá gatnamótum Hæðargarðs, og er við komum að gatnamótum Breiðagerðis, var hraðinn 40 km á klst. samkvæmt hraðamæli bifreiðarinnar. Þá var hemlað, og mældust hemlaför 25 metrar, greinileg og jöfn eftir bæði framhjól, en engin eftir afturhjól.

Við nánari athugun á hendlum afturhjóla kom í ljós, að hemlarör, sem liggur að vinstra afturhjóli, var beyglað saman á ca. 3—4 cm svæði aftan á hásingunni, og leki var sjáanlegur við hægra

afturhjól, og þar mun hafa lekið einhvern tíma, þar sem hjólbarðinn var blautur að innanverðu, og eru þetta orsakir þess, að hemlar voru óvirkir á afturhjólum.

Sjáanlegar skemmdir, sem orðið hafa á bifreiðinni við slysið, eru þessar: Vinstra frambretti beyglað að framanverðu og gengið aftur, þannig að erfitt er að opna vinstri framhurð, vélarhlíf dælduð, vatnskassi hefur gengið í viftu og göt komið á hann og vinstri framrúða brotin.

Bifreiðin er með vinstri hliðar stýri og vökvahemlaútbúnaði.“

Stefndi hefur skýrt frá því, að hann hafi farið á Hótel Borg um kl. 2200 að kvöldi laugardaginn 25. ágúst með þeim Sigríði Bjarnason, Snorrabraut 65, og Rúnari Sigmarssyni, Mánagötu 1. Fóru þau á bifreiðinni R 1991 þangað, og ók Sigríður. Stefndi kveðst hafa verið búinn að neyta lítils háttar áfengis, áður en á Hótel Borg kom, en þar neytti hann 3—4 sjússa af whisky. Stefndi kveðst hafa fundið til áhrifa áfengis af drykkjunni. Stefndi var á Hótel Borg, þar til kl. 0100 um nóttina, en þá fór hann á brott í bifreiðinni R 1991 með Sigríði Bjarnason, Aðalheiði Sigvaldadóttur, Snorrabraut 69, Björk Timmermann, Birki-mel 2, og Eggert Briem, er býr einhvers staðar við Barónsstíg. Sigríður ók bifreiðini. Hún ók Björk fyrst heim, en síðan Eggert. Þessu næst ók hún heim til stefnda, og var Aðalheiður með þeim. Ekki var neitt áfengi haft um hönd í bifreiðinni. Stefndi var á móti því að fara heim strax, en stúlkurnar vildu það, og var ekið heim til stefnda að Ásgarði 51.

Stefndi var allæstur í skapi. Hann var búinn að segja stúlkunum, að hann þyrfti að hitta mann, sem heitir Einar Bollason, til heimilis að Brávallagötu 10—12. Kvaðst hann eiga 500 kr. hjá honum. Stúlkurnar drógu úr því að aka með stefnda þangað, og varð ekki af því. Stefnda minnir, að hann hafi sagt við stúlkurnar, að hann gæti farið á sinni bifreið, en hann telur, að þær hafi ekki tekið það alvarlega.

Stefndi fór úr bifreiðinni heima hjá sér við Ásgarð 51, og héldu stúlkurnar á brott. Strax og stefndi var kominn heim, fór hann upp í herbergi sitt og náði í lykla að bifreiðinni R 6853, sem lágu þar á skrifborði. Stefndi á bifreið þessa ásamt bróður sínum, Helga Magnússyni. Stefndi vissi ekki til þess, að neinn heima hjá honum yrði var við ferðir hans.

Stefndi fór beint út í bifreiðina R 6853, er stóð fyrir utan húsið. Hann ræsti vél hennar og ók af stað áleiðis vestur á Brávallagötu að hitta Einar Bollason. Stefndi var einn síns liðs.

Hann hafði hitt Einar á Hótel Borg um kvöldið, og hafði Einar lofað að greiða stefnda eftir dansleikinn. Stefndi kveðst ekki hafa fundið teljandi til áfengisáhrifa við aksturinn.

Stefndi ók niður Ásgarð að gatnamótum Bústaðavegar. Þegar þangað kom, beygði hann inn á Bústaðaveg og ók þá götu til vesturs að gatnamótum Grensásvegar. Þar beygði hann til norðurs inn á Grensásveg.

Stefndi kveðst hafa ekið með lágum ljósum, og voru ljósin í fullkomnu lagi. Þau lýstu illa fram fyrir bifreiðina vegna slæms skyggnis, en götulýsing er slæm á Grensásvegi. Stefndi getur ekki sagt til um hraða bifreiðarinnar á leiðinni norður Grensásveg, en kveðst telja, að hann hafi ekið fremur greitt. Ljósíð í mælaborðinu var bilað, og gat stefndi ekki séð á hraðamæli bifreiðarinnar af þeim sökum. Stefndi hafði útvarp bifreiðarinnar stillt á Keflavíkurstöðina.

Þegar stefndi kom upp á hæðina við Hæðargarð, vildi hann slökkva á útvarpstækinu. Leit hann niður um leið til að reyna að koma auga á rofann fyrir útvarpsborðinu. Stefndi lyfti fætinum um leið af benzínjölfinni og telur, að með því hafi hann dregið úr hraða bifreiðarinnar.

Stefndi ók á vinstri vegarhelmingi, en var þó ekki alveg út við vegarbrúnina. Þegar hann hafði slökkt á útvarpstækinu og leit upp, sá hann allt í einu mann fyrir framan bifreiðina. Maðurinn var inni á veginum og kom því beint á móti bifreiðinni. Hann var í dökkum fötum og virtist reika í spori. Var stefndi sannfærður um, að hann mundi vera drukinn. Örstuttur spölur var að manningnum, þegar stefndi kom auga á hann, en stefndi kveðst ekki geta sagt með nákvæmni, hve langt hann var frá bifreiðinni. Stefndi hemlaði strax með fullu átaki og reyndi að sveigja frá manningnum, en tókst ekki að forða slysinu þrátt fyrir það. Lenti maðurinn á vinstri framaurlíf og vélarhúsi bifreiðarinnar. Kastaðist hann síðan á framrúðu með höfuðið, svo að hún brotnaði. Maðurinn féll því næst í götuna vinstra megin við bifreiðina.

Stefnda varð mjög mikið um slysið og fékk taugaáfall. Hann ók áfram af slysstaðnum að bílasíma Bæjarleiða við Réttarholtsveg, en við þenna síma voru tvær leigubifreiðar. Stefndi sneri sér að öðrum bifreiðarstjóranum og skýrði frá því, að hann hefði ekið á mann á Grensásvegi við Breiðagerði. Bað hann leigubifreiðarstjóran, sem var með talstöð í bifreið sinni, að kveðja lögreglu- og sjúkralið á vettvang. Bifreiðarstjórinn gerði

það þegar í stað. Stefndi skildi bifreiðina þarna eftir og fór með leigubifreiðarstjóranum á slysstaðinn. Á meðan hafði leigubifreið komið á slysstaðinn, og var ökumaður hennar þar fyrir, þegar stefndi kom þangað.

Stefndi kveður hemla bifreiðarinnar ekki hafa verið í fullkomnu lagi. Vissi hann, að bifreiðin hemlaði ekki á vinstra afturhjóli vegna leka á hemlavökva. Hins vegar vissi hann ekki um, að hemlar voru einnig í ólagi á hægri afturhjóli.

Vitnið Rúnar Gunnar Sigurðsson nemandi, Mánagötu 1, hér í borg, kveður stefnda hafa komið heim til sín um kl. 2100 að kvöldi laugardagsins 25. ágúst s.l., en vitnið og stefndi eru skólaþræður og kunningjar. Drukku þeir 3—4 sjússa af whisky, en fóru að því búnu um kl. 2200 niður á Hótel Borg. Vitnið varð vart við það, að stefndi fékk sér einu sinni genever í glas, en vissi ekki til þess, að hann neytti meira áfengis. Vitnið kveður það þó hafa getað verið engu að síður.

Stefndi og vitnið fóru á brott frá Hótel Borg um kl. 0100, og skildu þá leiðir þeirra. Vitnið sá stefnda rétt aðeins bregða fyrir, en talaði ekkert við hann. Vitnið gat ekki séð, að stefndi væri með áhrifum áfengis.

Vitnið Aðalheiður Sigurðardóttir nemandi, Snorrabraut 69, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að skemmta sér umrætt kvöld að Hótel Borg ásamt Sigríði Bjarnason, Snorrabraut 65, hér í borg, og stefnda.

Hvorki vitnið né Sigríður neyttu áfengis. Stefndi neytti hins vegar áfengis, en vitnið veit ekki, hve mikið það var. Vitnið kveðst telja, að stefndi hafi fundið til áfengisáhrifa, en ekki var það áberandi, enda ber stefndi áfengi vel. Stefndi var í æstu skapi út af því, að hann hafði verið að krefja mann, sem staddur var á Hótel Borg, um gamla skuld, sem vanrækt hafði verið að greiða. Að sögn stefnda var maðurinn búinn að marglofa að greiða skuldina, en hafði ekki staðið við það.

Vitnið Sigríður og stefndi fóru á brott frá Hótel Borg um kl. 0100. Fóru þau út í bifreið, sem Sigríður var með. Bættust þá tveir í hóp þeirra. Fyrst var ekið um borgina nokkra stund, en síðan var fólki því, sem bætzt hafði í hópinn, ekið heim til þess. Loks var stefnda ekið heim til sín, og var klukkan um 0230, þegar hann fór úr bifreiðinni.

Stefndi var búinn að fara fram á það, að Sigríður æki honum heim til framangreinds manns, en hún og vitnið voru búnar að fá hann ofan af því. Ekki minntist stefndi neitt á það, að

hann ætlaði út aftur. Vitnið og Sigríður héldu nú á brott heim til vitnisins, en Sigríður gisti þar um nóttina.

Vitnið vissi ekki um framangreint slys fyrr en morguninn eftir.

Vitnið, Halldór Þórðarson bifreiðarstjóri, Bústaðavegi 61, er að framan greinir, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt við bifreiðasíma Bæjarleiða við Réttarholtsveg, um kl. 0230 aðfaranótt umrædds dags, ásamt öðrum bifreiðarstjóra. Kveðst vitnið þá hafa veitt athygli bifreið, sem ekið var austur Soga-veg. Vél bifreiðarinnar gekk skrykkjótt að sögn vitnisins, og var eins og viftuspaðarnir kæmu utan í eitthvað.

Ökumaður bifreiðar þessarar nam staðar við Borgargerði, að vitnið telur, og kom hlaupandi til þeirra. Skýrði hann frá því, að hann hefði ekið á mann á Grensásvegi og það um, að lög-regla og sjúkralið yrðu kölluð á vettvang. Enn fremur það hann um, að sér yrði ekið upp á Grensásveg. Maður þessi var í miklu uppnámi og mjög miður sín. Vitnið kveður það ekki hafa leynt sér, að hann var með áfengisáhrifum. Vitnið tilkynnti um slysið í talstöð og hélt að því búnu á slysstaðinn með manninn. Var þar þá fyrir bifreiðarstjóri frá Hreyfli. Vitnið sá, þegar á slysstaðinn kom, hvar maður lá á götunni gegnt Breiðagerði.

Vitnið Baldur Sigurðsson bifreiðarstjóri, Hvassaleiti 24, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið suður Grensásveg umrædda nótt um kl. 0220. Við gatnamót Breiðagerðis veitti það athygli manni, sem kom frá húsunum vestan Grensásvegar og hélt síðan norður götuna. Maðurinn var reikull í gangi, og virtist vitninu hann vera ölvaður. Maðurinn var í dökkum fötum og frakkalaus.

Vitnið hélt áfram suður götuna og ók farþega, sem var í bifreið þess, að húsi við Réttarholtsveg og Bústaðaveg. Fór farþeginn þar úr bifreiðinni. Síðan ók vitnið aftur norður Grensásveg.

Þegar vitnið kom á móts við Breiðagerði, sá það, hvar maður lá á götunni. Vitnið telur engan vafa vera á því, að um sama manninn hafi verið að ræða og að framan greinir. Vitnið stöðvaði bifreið sína og hélt til mannsins, sem lá meðvitundarlaus í blóði sínu.

Skömmu síðar kom bifreið frá Bæjarleiðum á vettvang. Með henni var maður, sem sagðist hafa ekið á manninn. Maðurinn var æstur í skapi og í miklu uppnámi. Vitnið gat ekki merkt, að maðurinn væri með áhrifum áfengis.

Vitnið kveður veður hafa verið þurrt og bjart umrædda nótt og skyggni gott.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, er kom á slysstaðinn, kveður stefnda hafa verið örvinglaðan og í miklu uppnámi. Vitnið gat ekki fyrst í stað merkt á honum áfengisáhrif, en þegar farið var með hann inn í lögreglubifreiðina, kveðst það hafa séð einkenni á honum, sem bentu til þess, að hann væri með áhrifum áfengis.

Vitnið Guðrún Sveinsdóttir nemandi, Miklubraut 52, hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið norður Grensásveg á bifreiðinni R 2496, um kl. 0230 umrædda nótt. Þegar vitnið kom yfir hæðina, sem er á Grensásvegi, nam það staðar við Bakkagerði. Síðan ók það áfram norður götuna. Þegar vitnið kom að Breiðagerði, sá það mann á gangi norður götuna. Maðurinn var á miðjum vestari vegarhelmingi Grensásvegar, en þó nær miðju götunnar. Hann var í dökkbláum fatnaði, en vitnið veit ekki, hvort hann var í frakka. Vitnið varð ekki vart við, að göngulag mannsins væri óeðlilegt, en tekur þó fram, að það hafi séð hann aðeins stutta stund.

Vitnið ók mjög hægt og hafði lægri ljósinn uppi. Það var komið mjög nærri manningum, þegar það varð hans vart. Stafaði það fyrst og fremst af því, hve götulýsing er slæm þarna.

Maðurinn vék ekki úr vegi fyrir bifreiðinni, og varð vitnið að beygja til vinstri til að komast fram hjá honum. Vitnið kveður hafa verið hættu á því, að maðurinn yrði fyrir bifreið þess, ef það hefði ekið hratt. Vitnið sá ekki til ferða mannsins, fyrr en ljós bifreiðarinnar lýstu á hann. Vitninu virtist maðurinn vera dökkhærður og í meðallagi hár.

Vitnið kveður fleira fólk hafa verið í bifreiðinni. Tók það ekki eftir manningum, fyrr en eftir að vitnið hafði ekið fram hjá honum, að undanskildu því, að stúlka, er sat í framsæti við hlið vitnisins, sá manninn, um leið og vitnið beygði frá honum.

Niels Dungal prófessor krufði lík Halldórs Gunnars heitins. Segir svo í skýrslu hans um dánarorsök:

„Ályktun: Við krufningu fundust merki um mikla áverka á höfði. Mörg sár á enninu og hrufll bæði á enninu og í kringum augun, og glóðaraugu á báðum augum. Þá fannst brot á höfuðkúpunni, bæði á hvirflinum v. m., og náði brotið fram á við og niður á kúpubotn framan til. Á heilanum fannst útbreitt mar beggja megin á heilahvelinu, bæði h. og v. m. á gagnaughluta heilans. Heilavefurinn var sundurtættur á dálitlum bletti h. m. Þá fannst v. viðbein brotið og sköflungur h. fótleggjar tvíbrottinn og sperrileggur einnig brottinn. Dálítil sprunga fannst

í miltinu. Mjög mikill bjúgur var í báðum lungum og eins í heilanum. Dánarorsök hefur verið fyrst og fremst hinn mikli áverki á höfuðið með skemmdum á heilanum, og hið mikla fót-brot og mikil blæðing getur þar hafa hjálpað eitthvað til.“

Í blóðsýnishorninu úr stefnda fundust reducerandi efni, er samsvara 2.04‰ af alkóhóli.

Af hálfu ákærvaldsins var höfðað refsímál gegn stjórnanda R 6853, þ. e. stefnda í máli þessu, vegna atburðar þessa. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. febrúar 1963, var hann talinn hafa brotið gegn ákvæðum 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 4. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3. mgr. (a-, b og c-lið) 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr 26/1958, 1 mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Framangreindum dómi sakadóms hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

- |  |                |
|--|----------------|
| 1. Bætur fyrir missi framfæranda . . . . | kr. 360.777.00 |
| 2. Miskabætur . . . . .                  | — 140.000.00   |

---

Samtals kr. 500.777.00

Við munnlegan flutning málsins var þess getið af hálfu stefnanda, að draga bæri frá framangreindri kröfufjárhæð kr. 5.113.00, sem stefnandi hefur fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins, og kr. 3.871.84, sem stefnandi hefur fengið greitt úr Lífeyrissjóði prentara, hvort tveggja vegna fráfalls manns stefnanda, eða samtals kr. 8.984.84.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi eigi einn alla sök á slysinu, og verði hann því að bera alla fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu leiddi.

Stefndi hefur í máli þessu ekki andmælt fébótaskyldu sinni vegna tjóns þess, sem hlaut af umræddu slysi, og er því hér einungis deilt um bótafjárhæð.

Reisir stefndi kröfur sínar um lækkun bótakröfunnar annars vegar á því, að hinn látni hafi sjálfur átt hér nokkra sök vegna ógætni í umferðinni, og beri því að leggja aðeins nokkurn hluta fébótaábyrgðarinnar á stefnda. Kveðst stefndi telja rétt að telja hinn látna eiga sjálfan  $\frac{1}{4}$  hluta sakar, þannig að fébótaábyrgð stefnda takmarkist við  $\frac{3}{4}$  hluta þess tjóns, sem stefnandi kann

að hafa orðið fyrir vegna umrædds slyss. Hins vegar reisir stefndi kröfu sína um lækun bótakröfunnar á því, að hún sé allt of há, og leitast við að rökstyðja þá staðhæfingu sína, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér staðhætti á slysstað.

Þegar virt eru málsatvik öll og kringumstæður samkvæmt því, sem fram hefur komið við rannsókn málsins, og með hliðsjón af athugun á aðstæðum á slysstað, lítur dómurinn svo á, að ekki séu næg efni til að skipta sök í máli þessu, heldur eigi stefndi að bera hana alla einn.

Um 1.

Stefnandi var 27 ára að aldri, þegar umrætt slys átti sér stað, en eiginmaður hennar, Halldór G. Sigurðsson, var þá 25 ára að aldri. Þau áttu ekki börn og höfðu verið gift í tæp tvö ár, eða frá 12. nóvember 1960.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hún hafi beðið við fráfall eiginmanns síns, og leggur hún útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar um bótafjárhæð samkvæmt þessum lið.

Í álitserð sinni segir tryggingafræðingurinn svo:

„Samkvæmt myndum af skattframtölum þeirra hafa vinnutekjur þeirra þrjú síðustu heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

	Tekjur Halldórs	Tekjur Önnu
1959 .....	kr. 100.256.00	kr. 57.014.00
1960 .....	— 103.540.00	— 51.937.00
1961 .....	— 115.793.00	— 64.609.00

Halldór aflaði þessara tekna sinna sem prentari hjá Morgunblaðinu, en frú Anna hefur unnið í pósthúsinu í Reykjavík sem skrifstofustúlka.

Eins og venja er, mun ég gera ráð fyrir, að frú Anna hefði notið tekna manns síns til jafns við hann. Ég hef umreiknað tekjur hans til kauplags nú samkvæmt breytingum á taxta Hins íslenska prentarafélags, þó þannig, að fyrst dreg ég frá tekjum hvers árs kr. 1.716.00, sem er stéttarfélagsgjaldið. Hið umreiknaða ársmeðaltal vinnuteknanna reynist nú kr. 131.254.00. Árlegt tap frú Önnu telst því kr. 65.627.00. Verðmæti þessa taps reiknast mér nema á slysdegi kr. 816.072.00, og er notuð lífrenta á líf beggja, þar sem reiknað er með starfshæfu lífi fyrir hann.

Á sama hátt verður að gera ráð fyrir, að Halldór hefði notið tekna frú Önnu til jafns við hana. Ég hef umreiknað vinnutekjur hennar til kauplags nú samkvæmt breytingum á launakjörum ríkisstarfsmanna, og reynist ársmeðaltalið nú kr. 71.430.00. Helmingur þessarar upphæðar, kr. 35.715.00, reiknast frú Önnu til tekna árlega. Verðmæti þess á slysdegi er kr. 455.295.00, og er þá einnig notuð lífrenta á líf beggja, en reiknað með starfs hæfu lífi fyrir hana.

Verðmæti nettótaps frú Önnu er mismunurinn, þ. e. kr. 816.072.00 ÷ kr. 455.295.00 = kr. 360.777.00.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla og kvenna samkvæmt reynslu árána 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Vegna skekkju í útreikningnum í sambandi við tekjur stefnanda árið 1960 hefur tryggingafræðingurinn leiðrétt útreikning sinn og reiknað út verðmæti nettótaps stefnanda að nýju, sbr. dómsskj. nr. 19. Fær hann þá út sem verðmæti nettótaps stefnanda kr. 367.274.00. Var leiðrétting þessi gerð með vitund beggja málsaðilja. Kveðst tryggingafræðingurinn hafa notað sömu forsendur fyrir hinum síðari útreikningi og hinum fyrri, utan þess atriðis, sem leiðrétt var og að framan getur.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og telur, að ekki komi til álita að reikna tjón tryggingafræðilega, svo sem hér hefur verið gert, þar sem krafan virðist að verulegu leyti á því byggð, að eiginkona mannsins sé á framfæri hans. Kveðst stefndi telja, að það atriði sé algerlega rangt. Þar sem tveir aðiljar búi saman, þá njóti hvor þeirra í raun og veru sinna tekna, þegar bæði séu fullvinnandi. Þá heldur stefndi því fram, að þjóðfélagslega virðist heldur engin ástæða til þess og enda ekki rökrétt að telja, að eiginkona manns eigi eftir lát hans að teljast hreinn framfæringur af tekjum hans. Kveðst stefndi þó telja, að hins vegar megi fallast á, að eiginkona njóti nokkurs vegna fráfalls eiginmannsins, og með hliðsjón af öllum atvikum virðast honum hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið kr. 60.000.00.

Þegar allt það hefur verið virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónsútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opin-

berra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 270.000.00.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið kröfunnar sem allt of háum og talið hæfilegar bætur samkvæmt honum kr. 60.000.00. Högum stefnanda hefur verið lýst hér að framan og öðru því, er hér þykir skipta máli. Þegar það allt er virt, þykir hæfilegt að taka kröfu þessa til greina með kr. 80.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 350.000.00 (kr. 270.000.00 + kr. 80.000.00). Frá þessari upphæð ber að draga þær kr. 8.984.84, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar, og ber stefnda því að greiða stefnanda alls kr. 341.015.16 ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% p. a. frá þeim degi, sem krafizt er, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 32.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jón Halldór Magnússon, greiði stefnanda, Önnu Sigurjónsdóttur, kr. 341.015.16 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. ágúst 1962 til greiðsludags og kr. 32.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.